

**OPIÐ**  
**8-24**  
**ALLA DAGA**  
**Á EIDISTORGI**

**HAGKAUP**  
*Skemmtilegast að versla*

- bls. 4-5  
Viðtal við  
Rúnar Gunnarsson  
ljósmyndara

## Verið að steypa 84 íbúðir á Steindórsreit



Tölvumynd af fyrirhuguðum íbúðarhúsum á Steindórsreitnum.

Unnið er af fullum krafti að steypa 84 íbúðir á svokölluðum Steindórsreit í Vesturbænum. Reiturinn afmarkast af Sólvallagötu, Hringbraut og byggðinni norðan við Framnesveg. Framkvæmdir hófust sumarið 2021 og verklok eru áætluð í ársbyrjun 2024. „Stefnt er að því að fyrstu íbúðirnar verði tilbúnar til afhendingar í september 2023.

Eignabyggð stendur að þessum framkvæmdum en félagið keypti fyrr á þessu ári félagið U22, sem er lóðarhafi á Steindórsreit. Engar breytingar hafa verið gerðar á verkefninu með breyttu eignarhaldi og framkvæmdir ganga vel. Um er að ræða byggingu þriggja húsa með sameiginlegum bílakjallara og hjólageymslum. Á milli húsanna verður inngarður. Langstærsta byggingin er fimm hæða bogadregin bygging við Hringbraut 116 með 45 íbúðum. Íbúðirnar verða allar með svalir til vesturs og þakvalir verða á þak- og endaíbúðum. Á jarðhæðinni við Hringbraut verða atvinnurými með séraðgangi sem tengist ekki aðgangi að íbúðunum í húsinu.

## SVARTUR FÖSSARI

Tilboðin gilda í verslunum ELKO Granda, Skeifu, Lindum og á Akureyri og í vefverslun ELKO, Skoðaðu **öll tilboðin** á [elko.is](http://elko.is).



## Persónuleg ráðgjöf lyfjafræðings

## Hagstætt verð

FAGLEG RÁÐGJÖF • LYF • SNYRTIVÖRUR • HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR

REYKJAVÍKUR  APÓTEK  
Héðinshúsinu Seljavegi 2



**Melabúðin**  
VERSLUN SÆLKERANS

REYKTUR & GRAFINN LAX – HINDBERJAVINAIGRETTE – HEITREYKTAR & GRAFNAR VILLIGÆSABRINGUR –

## Allt í hátíðarmatinn!

HREINDÝRAKJÖT – VILLIGÆSIR – WELLINGTON – SÆNSK JÓLASÍLD – HNETUSTEIKUR – FASANAR – PEKINGENDUR – KRÓNHJARTARFILE – ELGLUNDIR – PANETTONE – HREINDÝRAPATÉ – ANDALIFUR – LIFRARKÆFUEFNI – KALKÚNN – HREINDÝRASÓSUGRUNNUR – VILLIBRAÐ – NORSKAR JÓLAKÖKUR – ÚRVALS HÁTÍÐAKONFEKT – KALKÚNASKIP – HÚSKARLAHANGIKJÖT – NAUTA PIPARRÓTARSÓSA – SVEPPAWELLINGTON – JÓLA

JÓLASKINKA – LABEYRIE ANDA & GÆSALIFRARKÆFUR – RAUÐLAUKSSULTA – KÁLFAKJÖT – TRUFFLUSVEPPIR – LAUFABRAUÐ – SÖRUR – TVÍREYKT HANGIKJÖT – CHRISTMAS PUDDING – VEGAN WELLINGTON – KALKÚNAFYLLING – PANDORO – JÓLAPATÉ – JÓLALAKKRÍS – HEITREYKTAR ANDABRINGUR – LUNDIR – ANDAFITA – VILLIGÆSABRINGUR – KLEMENTÍNUR – FYLLT LAMBALÆRI





# Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

11. tbl. 25. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107, 102 og 101.

## Uppbygging í stað niðurníðslu

Í þessu blaði er sagt frá endurbyggingu eins af elstu húsum Reykjavíkur sem stendur við Hafnarstræti 18. Með því má segja að endurbyggingu þeirrar götu sé lokið.

Mikil upp- og endurbygging hefur átt sér stað í Miðborginni á undanförunum árum. Raunar við alla sjávarsíðuna frá Laugarnesi að Örfirisey.

Þeir sem fæddir eru á liðinni öld muna eflaust eftir þeirri miklu niðurníðslu sem einkenndi verulegan hluta þessara svæða.

Stór hluti Hverfisgötu ofan Þjóðleikhúss og Safnahúss var snæstum að hruni kominn. Hústökufólk og brunarústir blöstu við. Lindargötusvæðið mátti muna sinn fífil fegurri og svæði umhverfis gömlu höfnina var hrein hörmung.

Nú blasir næstum ný Hverfisgata við í stað tveggja hraðakstursgreinagötunnar fyrr á árum. Hafnarstræti hefur fengið framtíðarmynd. Einnig Tryggvagata og raunar öll sjávarsíðan.

Laugavegurinn er að skriða í nýjan búning. Orðin göngugata að hluta og verslunarstarfsemi og veitingaþjónusta halda áfram að festa þar rætur.

Nú er í undirbúningi nýtt skipulag fyrir Kvosina. Þar er haldið áfram á sömu braut. Nútíminn fær innreið án þess að gengið sé á söguleg eða menningarleg umhverfisverðmæti.

Viðar er að sjá ummerki þeirrar nýju hugsunar sem orðið hefur til við stjórn Reykjavíkurborgar.

Nýtt íbúðahverfi hefur risið við Hlíðarfót og enn eru bundnar vonir við nýja Skerjafjarðabyggð þrátt fyrir umbrot í miklum flugvallasinum.

Sú þróun sem orðið hefur í uppbyggingu mið- og og vesturhluta Reykjavíkur er komin til að vera. Hún er komin til með að halda áfram. Hún hefur gerbreytt borg úr niðurníðslu í glæsilegt umhverfi.

# Eykt leggur til breytt skipulag í Kvosinni



Hugmynd arkitekta að byggingum í Kvosinni ef breytingarnar verða samþykktar af borginni. Tölvumynd/tp bennett.

**Fasteignafélagið Eykt leggur til breytingar á skipulagi í Kvosinni. Um 8.500 fermetra byggingarnar þar eru í eigu Eyktar. Þessar byggingar eru nú nýttar fyrir starfsemi Landsbankans en bankinn mun flytja starfsemi sína í nýtt hús í Austurhöfn á næsta ári.**

Eykt fasteignafélag hf. hefur kynnt borgaryfirvöldum hugmyndir að breyttu skipulagi Kvosarinnar í Reykjavík. Af þessum sökum muni þessar byggingar fá nýja leigjendur og nýtt hlutverk. Þessar byggingar eru flestar í góðu ásíðkomulagi þótt þörf sé á ýmum lagfæringar eins og algengt er í tímans rás. Eykt leggur áherslu á að byggingarnar verði nýttar frá morgni til kvölds, virka

daga sem um helgar, en ekki bara frá nú til fimm virka daga. Í hugmyndum Eyktar er gert ráð fyrir því að opna í gegnum núverandi byggingar og gera gangveg eða sund í gegnum húseignir félagsins frá Austurstræti að Hafnarstræti og frá Hafnarstræti að Tryggvagötu. Endurhugsa þurfi nýtingu þessara bak- og húsagarða og gera áhugaverðar tengingar til uppbyggingar bæði fyrir leigjendur og viðskiptavinum. Í dag megi finna flókna ganga, stigahús, kjallara og port. Þar megi skapa rými fyrir verslanir og veitingastaði ásamt markaðsstemningu, þar sem m.a. hluti af Kolaportinu gæti starfað alla daga svo dæmi sé tekið.

## Verið að endursmíða „Óðinsbreyggjuna“ við Sjóminjasafnið

Verið er að endursmíða bryggjuna á milli Sjóminjasafnsins og Kaffivagnsins. Nýja bryggjan kemur í stað gamallar trébryggju sem dæmd hafði verið ónýtt. Nýja bryggjan verður 60 metra löng og sjö metra breið timurbryggja byggð á timburstaurum.

Á undanförunum árum hefur bryggjan við Sjóminjasafnið verið notuð sem viðlegukantur fyrir varðskipið Óðinn. Óðinn er hluti af Sjóminjasafninu og um leið ein helsta sýning safnsins. Skipið kom til safnsins árið 2008 og er varðveitt þar. Bodið hefur verið upp á leiðsögn um skipið auk þess sem það er opið gestum á hátíðisdögum sem er þá sérstaklega auglýst. Í leiðsögn er gengið um skipið, sagt frá sögu þess, lífinu um borð og því hlutverki sem að það gegndi hjá Landhelgisgæslu Íslands. Sýningar á skipinu og leiðsögn falla niður meðan á endurbyggingu bryggjunnar stendur þar sem ógerlegt er að fara með gesti um borð án bryggjunnar. Hollvínasamtök Óðins voru stofnuð 26. október 2006 í Sjóminjasafninu í Reykjavík. Björgum Óðni, sögunnar



Óðinn við gömlu trébryggjuna við Sjóminjasafnið. Eins og sjá var göngubraut lögð yfir fíuð bryggjugólfid til að ganga út í skipið.

vegna voru einkunnarorð þessara nýju samtaka, sem stofnuð voru að frumkvæði Sjómannadagsráðs

eftir tillögu Guðmundar Hallvarðssonar, þáverandi þingmanns og formanns ráðsins.



### HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!**

**[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070**



Finndu okkur á  
**Facebook**



# Jólavörurnar eru á Grandanum



SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

SAMAN Í  
60 ÁR

**BYKO**  
GRANDI



# Myndavélin er mér alltaf innan seilingar

- segir Rúnar Gunnarsson ljósmyndari með meiru sem var að gefa út ljósmyndabók.

Myndirnar hafa talanda. Hver mynd segir sögu. Hver dráttur í myndefninu kallar til áhorfandans. Hann staðnæmist um stund og íhugar hvaða tilfinningar hrærast hið innra. Síðan flettir hann yfir til næstu síðu. Þar er önnur saga. Hvort sem myndefni er náttúran. Iðandi borgarlíf allt frá glæstum augnablikum til skúmaskota. Fólk á kaffihúsum. Hvað er það að gera. Sýna sig og sjá aðra. Ræða dag og veg. Sumir eru sérvitrari en aðrir. Láta það í ljósi. Með hreyfingum, látbragði eða í töluðum orðum. Dagurinn er á hreyfingu. Hvort sem menn eru að afhausa fisk um borð í togara, spila á hljóðfæri, sitja á kaffihúsi eða jafnvel á bekk undir misheiðum himni. Lífið fer hjá. Það heldur áfram. Allt kemur þetta fram í ljósmyndum Rúnars Gunnarssonar sem var að gefa út ljósmyndabók á dögunum. Hann kallar bókina Gullöldina. Rúnar hefur hrærst í mörgu í gegnum tíðina en myndavélin hefur aldrei verið langt undan. Nú fer hann út í daginn með Leicuna um hálsinn. Þótt sjónin hafi dofnað með árunum er athyglin rík. Hann skynjar myndefni þar sem aðrir sjá ekki. Þær myndir sem Rúnar birtir í Gullöldinni eru teknar í svarthvítu. Þá truflar liturinn ekki. Línurnar eru skírar. Stundum æpa þær á áhorfandann.

Gullöldin er önnur ljósmyndabók Rúnars. Hin fyrri kom út árið 1995. Hún nefndist Eiskonar sýnir. Hún náði yfir fyrstu 35 árin á ljósmyndaferil hans. Síðan hafa nær þrír áratugir bæst við og Rúnar en enn að. Í þeirri bók hefur hann sama hátt og nú. Birtir aðeins svarthvítar myndir. Hann segir að þá eins og nú hafi áhugi sinn á að endurspegla mannlífið ráðið för. Stíllinn á myndunum sé sá sami. Kalla megí hana hreina ljósmyndun. Rúnar kveðst ekki nota tækni-brellur við vinnslu myndanna. Þetta sé ljósmyndun í sinni upprunalegustu mynd.

## Vesturbæingur í Bólstaðarhlíð

Hvaðan er Rúnar. Hefur hann verið á endalaust vappi um Reykjavík og jafnvel fleiri borgir. Hann neitar því ekki en upplýsir hvaðan hann kemur. „Ég er Vesturbæingur. Ég bjó lengst af í Vesturbænum. Ég hef búið á Melunum, á Högunum og á Granda, með undantekningu í Hafnarfirði þar sem ég var í nokkur ár. Á síðustu árum ákváðum við hjónin að finna okkur þægilega íbúð fyrir heldra fólk. Við fundum hana í Bólstaðarhlíð 41 til 45. Þar eru íbúðir fyrir aldraða og samfélagshús. Við sjáum ekki eftir að hafa fest kaup á íbúð þar. Allt er innan seilingar. Ég get gengið í Kringluna þar sem ég hitti gamla og nýja félagi yfir kaffi, farið á Kjarvalsstaði og niður í bæ. Ekki nema 100 til 150 metrar í strætó. Mér finnst ég vera miðsvæðis.“

## Yfir þúsund ljósmyndir

Rúnar hefur komið víða við á lífs-leiðinni. Hann segir að ljósmyndun hafi þó alltaf verið hans aðalstarf og áhugamál. „Ég er sjaldan án myndavélarinnar. Ég fékk myndavél í fermingargjöf og ég hef verið með ljósmyndadellu síðan. Ljósmyndun hefur alltaf verið ástríða í mínu lífi. Að fanga augnablikið,“ segir hann.“ Á hann þá ekki mikið safn ljósmynda. „Ég á yfir 100 þúsund myndir á filmum og um 50 þúsund sem búið er að setja á stafrænt form. Ef ég ætti að ná að ganga frá öllu safninu á stafrænt form verð ég að ná því að

verða 102 ára. Ég er lánsamur. Er að verða nær áttæður og enn við hestaheilsu. Ég fer daglega á stúfana að mynda borgarlífið. Aldrei að vita hvað mér tekst.“

## Framliðnir í eftirgerð af umhverfi

Í Gullöldinni er að finna stutta sagnapistla og hugleiðingar um eitt og annað sem borið hefur fyrir og menn og málefni koma einnig við sögu. Þar sýnir Rúnar að hann er góður sagnamaður. Grípum niður í eina stutta frásögn hans eða hugleiðingu þar sem hann lítur yfir mörk lífs og hins dauðlega.

„Oft læt ég mig dreyma um að eilífiðin birtist í myndum mínum. Vissulega er göfugt að hafa háleit markmið en alvöru ljósmyndun er galdur og þeir sem hana stunda eiga á hættu að lenda í sálarháska.

Þokuslæðingur yfir mýrarflákum, rötlausar sálir á sveimi. Langdruknir rónar láta flöskuna ganga þrátt fyrir að hún sé tóm og allt vín löngu búið. Ábúðarmiklir menn sitja við grænt borð og spila fjárhættuspil. Það munu þeir gera sleitulaust þar til þeir smám saman átta sig á því að peningar eru verðlausir á þessu tilverustigi. Veðimenn berja fisklausu sprænu vissir um að hún væri gjöful laxveiðiá. Gleðifólk í rykföllnum krumpuðum sparifötum dansar þreytulegan vangadans en tónlistin er löngu þögnuð. Hér eru sálir hinna látnu í fjötrum fíkna og geta ekki haldið áfram vegferð sinni á æðra tilverustigi fyrr en fíknin hverfur, en það getur tekið langan tíma.

Hinir framliðnu eru hér í eftirgerð af umhverfi sem þeir þekktu þegar þeir voru á lífi.

Hér á Arnarhóli í bjagaðri smækkaðri mynd. Blekking rónanna við Kolaportið er á sínum stað. Þá er hér skemmtistaður sem líkist Vetrar-garðinum og fleiri kunnuglegir staðir.

Sýn þessi birtist mér fyrir tæpleg hálfri öld og hefur ekki liðið mér úr minni. Ljósmyndir mínar greina ekki alltaf muninn á draumi og veruleik. Hugsanlega standa þær draumnum nær.“



Rúnar Gunnarsson með myndavélina. Hún er óaðskiljanlegur hluti af lífi hans.

## Skemmtilegast að mynda fólk

Rúnar var 18 ára þegar Gísli J. Ástþórsson réð hann til ljósmynda-starfa. Þá byrjaði hann að vinna sem ljósmyndari fyrir Alþýðublaðið. „Ég fann fljótt að mig skorti faglega þekkingu á ljósmyndun. Ég fór því og lærði til ljósmyndunar“. Á þessum tíma frá því að Gísli réð hann hefur margt breyst og gerst. En hvað finnst honum skemmtilegast að mynda. Rúnar er fljótur til svars „Mér finnst skemmtilegast að mynda fólk. Fólkíð er stór hluti af umhverfinu. Fólkíð er lífið. Mér finnst einnig gaman að mynda umhverfið þar sem ég bý. Mannlífið í fjölbreytni borgarlífsins á ólíkum tímum dagsins. Maður er stöðugt að fanga nýtt augnablik sem er einstakt.“ Rúnar myndaði mikið úr kolakrananum á meðan hann stóð uppi við austurbakka gömlu hafnarinnar. „Hann var nokkurs konar kennileiti í borginni frá því hann var reistur 1927 og til ársins 1968 þegar hann var tekinn niður. Þá voru engir drónar sem hægt var fljúga yfir til taka myndir. Með því að þríla upp í kranann mátti ná loftmyndum af miðborginni sem annars hefði ekki verið hægt.“

## Hobbý að vera framkvæmdastjóri

Rúnar hefur ekki verið við eina fjöl felldur í gegnum lífið ef svo má komast að orði. Hann hefur sinnt ýmsum störfum og áhugamálum þótt ljósmyndunin hafi alltaf verið efst í huga hans. „Ég er ljósmyndari númer eitt, tvö og þrjú,“ segir Rúnar og kveður fast að orði.“ Hann var starfandi ljós-myndari á Alþýðublaðinu, Víku-blaðinu og Fálkanum á sínum tíma. Eftir það var hann ráðinn sem kvikmyndatökumaður fyrir Ríkissjónvarpið. Hann vann þar um nær hálfra aldar skeið. Tók



Vilhjálmur Eypórsson hrærir í kaffinu. Jörmundur Ingi gengur frá borði.

kvikmyndir, stjórnaði útsendingum og endaði sem aðstoðarframkvæmdastjóri. Í blaðaviðtali sem haft var við hann vegna útkomu bókarinnar Eiskonar sýnir 1995 lét hann þá skoðun á sjálfum sér í ljósi að það væri hobbí hjá sér að vera aðstoðarframkvæmdastjóri sjónvarps. "Ég var með Sjónvarpinu frá byrjun. Það var ævintýri. Ég vann m.a. sem kvikmyndatökumaður, dagskrárgerðarmaður og ég var framkvæmdastjóri í nokkur ár og lengst af var ég dagskrárstjóri innlendrar dagskrár. Ég á að mestu góðar minningar þaðan en mikið álag gat fylgt því. En ljósmyndarinn var alltaf efstur á blaði."

## Snigill 78

Rúnar átti sér annað áhugamál sem hann sinnti um lengri tíð eða þar til hann gaf út bókina Eins konar sýn út. Hann fékk ungar áhuga á mótorhjólum. Steig á bak og átti Harley Davidson um tíma. Hann seldi mótorhjólið til þess að kosta útgáfuna. Hann kveðst hafa séð

eftir mótorhjólinu en andvirði þess hafi runnið til betri og merkilegri hluta. Að gefa út ljósmyndabók. „Ég var í Sniglunum. Var númer 74 í þeim ágæta félagsskap. Ég fór oft út á kvöldin að lokinni vinnu hjá Sjónvarpinu. Steig á bak hjólinu og fór um. Myndavélin var að sjálfsögðu með og náði ég ágætum myndum í þessum mótorhjólaferðum. Ég myndaði Sniglana líka.“

## Ekki tvöfalt líf heldur fimmfalt

Rúnar segir að mótorhjólasportið hafi verið hina hliðin á sér. Þetta hafi verið tvöfalt líf. Líf í tveimur heimum. Raunar var þetta þó ekki tvöfalt líf hans heldur var lífið fjórfalt eða réttara sagt fimmfalt. En hvernig. „Við skulum byrja á lífi ljósmyndarans. Síðan réðst ég til vinnu hjá Sjónvarpinu. Það var atvinnan eftir að ég hætti að mynda fyrir blöðin. Mótorhjónasportið var hobbíð og ánægjan. Og svo var fjórða hlutverkið. Það var saxófónninn.“ Saxófóninn skýtur





Hundurinn er góður félagi.

tíðindamaður inn. Rúnar lék á saxófón í mörg ár. Trúlega þekktastur á því sviði með hljómsveitinni Júpíters sem var stofnuð snemma árs 1989 og starfaði til 1993 en kom þó fram öðru hvoru eftir það þegar tilefni þótti til. Var Bill

Clinton saxófónleikari og síðar forseti Bandaríkjanna fyrirmynd að saxófónleikaranum. „Nei mikið fremur Meatloaf í Rocky Horror. Jafnvel þótt saxófónleikarinn og mótarhjólamaðurinn Rúnar Gunnarsson hafi verið til á undan



Jörmundur Ingi fyrrum allsherjargoði prýðir margar síður í bók Rúnar enda myndvæn persóna.



Gamall vinur hvílir lúin bein í porti. Minning um liðna tíð. Myndir Rúnar Gunnarsson.

Rocky Horror.“ Enn ein hlið er til á Rúnari Gunnarssyni. Það er póstherrinn. Ekki Páll heldur Rúnar. Á yngri árum greip hann í að bera út

póst. Þegar hann lét af störfum hjá Sjónvarpinu leitaði hann á gamlar slóðir og greip í póstherrinn á nýjan leik. „Mér fannst góð hvíld eftir

stjórnunarstörf og skrifstofufjark að ganga einn um úti með póstin. Og myndavélin var minn „Kötturinn Njáll“. Var að sjálfsögðu með í för.“

Kaffifélagar á sveimi

Marga svipi er að finna á síðum Gullaldarinnar. Hinnar nýju bókar Rúnar. Athygli vekur að stjórnmálamenn þekja ekki pappírinn. Þeir eru utan alfaraleiðar myndahöfundarins sem þó hefur farið um marga slóðir. Engu að síður eru mörg borgarþekkt og jafnvel þjóðþekkt andlit að finna. Rithöfundar og listamenn. Einnig sérvitringar og utangöngufólk í lífinu. Og kaffifélagarnir af Cafe París á meðan það var kaffihús. Úr Kolaportinu og síðast en ekki síst af Kaffi Tári í Kringlunni. Jörmundur Ingi Hansen fyrrum allsherjargoði og af stórum ættum hefur oft lent fyrir framan linsu Rúnar. Einnig Vilhjálmur Eyþórsson orðmeistari og þúsundþjalasmiður til margra ára. Valdimar Tómasson skáld. Stundum kallaður „Ljóða Valdi“. Albert Ríkharðsson kennari, Hörður Gunnarsson framkvæmdastjóri og heimshornamaður og Galdra Tommi eða Tómas V. Albertsson sem ber titilinn seiðgoði hjá Ásatrúarfélaginu. Fráföllnum mönnum bregður einnig fyrir. Degi Sigurðarsyni skáldi og lífskúnstner, Sigurjóni Jóhannssyni leikmyndahönnuði og Gunnari Guðjónssyni listmálara og grásleppukarli sem lék Stefán frá Möðrudal öllum öðrum betur. Andlit margra fleiri ber fyrir. Látinna sem lifandi. Að lokum velti tíðindamaður fyrir sér af hverju hann væri ekki á meðal andlitanna í bókinni. Hann komst að þrefaldri niðurstöðu. Hann væri ekki nógu gamall, ekki nógu skriftinn og ekki nógu ljótur. Bar þetta undir Rúnar sem tók þessu óvenjulega innleggi af glaðværð. Þannig er Rúnar. Fundvís á smátt sem stórt í manneskjunni.

Kjötkompaní

TILBÚIN

JÓLAHLAÐBORD

Stórveisla heima  
án fyrirhafnar

[kjotkompani.is/jolin](http://kjotkompani.is/jolin)

Munir að þanta tímanlega

[www.kjotkompani.is](http://www.kjotkompani.is)

578 9700

[kjotkompani@kjotkompani.is](mailto:kjotkompani@kjotkompani.is)

[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)



# Byggja á sjö hæðir við Frakkastíg 1



Svona er gert ráð fyrir að nýbygging á horni Frakkastígs og Skúlagötu muni líta út. Tölvumynd/Lendager/SAP arkitektar.

Byggingarframkvæmdir munu bráðlega hefjast á lóðinni við Frakkastíg 1 á horni Frakkastígs og Skúlagötu beint fyrir neðan Franska spítalann sem byggður var árið 1902 fyrir franska sjómenn. Ætlunin var að byggja átta hæða hús á lóðinni. Þeim áformum var hins vegar mótmælt meðal annars af Íbúasamtökum miðborgarinnar og íbúa við Skúlagötu 20 sem kröfðust þess að áform um bygginguna yrðu felld úr gildi. Þau mótmæli höfðu þó ekki önnur áhrif en byggingin var lækkuð um eina hæð, niður í sjö hæðir og gert ráð fyrir að efstu hæðimar verði inndregnar. Í borgarráði var bókað að með breytingum sem ákveðnar hefðu verið væri komið til móts við umsagnir um málið að því marki sem mögulegt væri.

# Nýtt götuskipulag við Kirkjustræti



Yfirlitsmynd af forhönnuninni. Athygli vekur að enginn veggur er sýndur í kringum Alþingisgarðinn og spurt hefur verið hvort rífa eigi hann. Slíkt er ekki á dagskrá og myndin sýnir aðeins þá forhönnun sem unnin er af svæðinu fyrir framan húsið.

Myndir af nýrri forhönnun af göngugötuskipulagi við Kirkjustræti og Templarasund í miðbæ Reykjavíkur hafa verið birtar. Forhönnunin var unnin af

Hornsteinum Arkitektum, Hildiberg Hönnunarhúsi og Verkfræðistofu Bjarna Viðarssonar. Áhersla er lögð á að tengja saman fortíð og framtíð. Endurskipulag þetta er gert til þess

að breyta svæðinu í göngugötu en ekki verði hægt að aka um svæðið nema með leyfi Alþingis. Einnig verði göngugatan hituð til þess að tryggja megi gott aðgengi.

## Vesturbær og Þingholt

# Gjaldskyldum bílastæðum fjölgar

Gjaldsvæði fyrir bílastæði í nokkrum götum Vesturbæjar og Þingholta verða stækkuð á næstunni. Innan skamms mun gjaldskyldan verða framlengd á Vesturgötu, Ránargötu, Bárugötu og Öldugötu vestur að Stýrimannastíg sem einnig verður gjaldskyldur ásamt Hrannarstíg. Víða í gamla Vesturbænum og í Þingholtunum hafa íbúar átt í miklum vandræðum með að finna bílastæði. Um áramótin verður gjaldskylda tekin upp víðar í þessum hverfum til að létta á ásókninni

Fjölgun ferðamanna á undanförnum rúmum áratug hefur kallað á fjölgun hótela, veitingastaða, leigubíða og annarra þjónustustarfsemi með fjölgun starfa til að mynda í gamla Vesturbænum. Þetta hefur aukið ásóknina í bílastæði þannig að íbúar í nálægum götum geta átt í erfiðleikum með að leggja bílum sínum. Eftir þrýsting frá íbúum var fyrir örfáum árum tekin upp gjaldskylda á Nýlendugötu og Mýrargötu í gamla Vesturbænum



Fleiri stæði í Vesturbæ og Þingholtum verða gjaldskyld.

ásamt nálægum smágötum sem létti á ásókninni.

Einnig á að stækka gjaldskyld svæði annars staðar í Vesturbænum. Hávalla-, Blómvalla-, Ásvalla-, Sólvalla- og Brávallagötu vestan

Brávallagötu verða allar gjaldskyldar vestan Blómvallagötu að Hofsvallagötu. Við Tjörnina verður gjaldskylda við Tjarnargötu framlengd frá Ráðherrabústað út að Hringbraut og Bjarkargata verður öll gjaldskyld.



# Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

[www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is)

**RECARO**  
Barnabílstólar í úrvali



**BÍLASMIÐURINN hf**

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)



# Allar jólagjafirnar á einum stað

Ekki þvælast um bæinn  
þveran í leit að jólagjöfum.  
Verslaðu heima í héraði  
á hagstæðu verði.



Frí heimsending  
innanlands  
ef verslað er fyrir  
meira en 10.000  
krónur

  
bókakaffi  
stúdenta

Í Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi finnur þú meira en þig grunar. Njóttu þess að vera í notalegu umhverfi, fáðu þér kaffi og köku í Bókakaffi stúdenta, kíktu á nýjustu bækurnar og skoðaðu allar skemmtilegu gjafavörurnar í Kaupfélagi stúdenta.

## bóksala stúdenta

Viskubrunnur við Vatnsmýrina

Háskólatorgi - [www.boksala.is](http://www.boksala.is) - [www.facebook.com/boksala](https://www.facebook.com/boksala)



# ÁHUGVERÐAR BÆKUR!



**HRAFNINN**  
- stórbrotin bók, stútfull af sögum og fróðleik, um heimsins klókasta fugl.

## STAFRÓF FUGLANNA

- afar falleg bók, eftir Árna Árnason, fyrrum kennara og nú fuglaljósmyndara. Sannkölluð fjölskyldubók!



**STUNDUM VERÐA STÖKUR TIL ...**  
- skemmtileg atvik og viðburðir verða ljóslifandi í gleði og gáska þar sem skeytin fljúga í allar átti.

**Bókaútgáfan Hólar**  
holabok.is / holar@holabok.is

# Betri borg fyrir börn

Fjölmennur fundur um lýðheilsu í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum

Á dögunum hittust um 100 stjórnendur og sérfræðingar frá leikskólum, grunnskólum, frístundastarfi og Vesturmiðstöð í Tjörninni frístundamiðstöð til að eiga samtali og samráð um lýðheilsu, forvarnir, menntun og aðferðir sem að eru vel til þess fallnar að auka á velliðan barna og starfsfólks í leik- og grunnskólastarfi sem og frístundastarfi borgarinnar. Það var verkefnastjórn Vesturmiðstöðvar "Betri borg fyrir börn" sem að skipulagði daginn. Dagskráin var fjölbreytt en öll miðaði hún að því að efla lýðheilsu í borginni.

Lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar og aðgerðaráætlun lýðheilsustefnu Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða var kynnt og þær Sigríður Arnardís Jóhannsdóttir verkefnastjóri lýðheilsu og forvarna í Vesturmiðstöð og Harpa Þorsteinsdóttir verkefnastjóri lýðheilsu á skrifstofu borgarstjóra stýrðu umræðunni.

## Fjórar leiðir til að efla gleði

Einn af þeim aðilum sem var með erindi þennan dag var Seth Randolph Sharp verkefnastjóri gleðinnar á skóla -og frístundasviði og var með frábært erindi og kynnti verkfæri og ráð til að innleiða gleði á starfsstaði í leik- grunnskólum ásamt frístundastarfi. Hann fór einnig í gegnum fjórar leiðir til að efla gleði, hamingju og bjartsýni og kynnti einnig rannsóknir um skólaforðun og hugmyndafræði sem snýr að því að koma í veg fyrir skólaforðun.

## Að takast á við skólaforðun

Þar á eftir kom skólaforðunarteymi Vesturmiðstöðvar og kynnti og stýrði samtali um verklag og leiðir til að takast á við skólaforðun og tengdi fimm leiðir að velliðan við hvernig hægt er að takast á við skólaforðun (skólaforðun er meðvituð eða ómeðvituð hegðun sem barn eða unglingur sýnir þegar mæta á í skólann.



Stjórnendur og sérfræðingar hlýða á erindi.

Hegðunin birtist í erfiðleikum með að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skóladag eða hluta úr degi í lengri eða skemmri tíma) (Kearney, Albano 2007).

## Jákvæð sjálfsmynd

Í lokin kom Ásthildur Kristín Garðarsdóttir, kennslu-ráðgjafi á Vesturmiðstöð og höfundur bókarinnar Jákvæð sjálfsmynd VIA styrkleikar og kynnti nýútkomna bók sína og tilurð hennar.

Bókin er hvort tveggja í senn samantekt á hugmyndafræðinni í bakgrunni VIA styrkleikanna sem nýttir eru í jákvæðri sálfræði sem og verkfæri/tillögur að verkefnum fyrir þá sem starfa að eflingu styrkleika með börnum og fullorðnum.

Lýðheilsusjóður Vesturmiðstöðvar gaf hverjum starfsstað í leik- grunnskólum og frístundastarfi í borgarhlutanum eintak af bókinni í lok fundar með hvatningu um að starfsfólk kynni sér efni hennar og horfi til, styrki og vinni út frá styrkleikum nemenda og starfsfólks.

 **RAFMAGNSHJÓL.IS**

**QWIC**



## Margverðlaunuð hollensk rafmagnshjól

rafmagnshjól.is // Fiskislóð 45 // Sími 534 6600

# Hverfisgata 98 til 100 endurbyggð sem ein heild



Þannig mun Hverfisgata 98 til 100 koma til með að líta út að framkvæmdum loknum.

Deiliskipulagi vegna lóðanna númer 98a, 100 og 100a við Hverfisgötu hefur verið breytt. Heimilt verður að sameina allar þrjár lóðirnar í eina. Kvöð er um uppbrot bygginga í samræmi við fyrri lóðamörk svo að skýr munur verði á útliti bygginganna þriggja. Hverfisgatan í Reykjavík hefur tekið miklum

breytingum á undanförunum árum. Gömul og jafnvel ónýt hús sem ógerlegt var að lagfæra eða endurbyggja hafa horfið og önnur verið byggð í staðinn. Í sumum tilvikum hafa hæðir verið byggðar ofan á eldri hús. Við breytingar á Hverfisgötunni hefur farið saman ákveðið varðveislugildi og nýjar hugsanir.

Síðumúla 27 | 588 4477 | [www.valholl.is](http://www.valholl.is) | Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði



**Ingólfur Geir Gissurarson**  
Framkvæmdastjóri, lögg.  
fasteignasali, leigumíðari  
896 5222  
ingolfur@valholl.is



**Heiðar Friðjónsson**  
Sölustjóri, löggiltur  
fasteignasali B.Sc  
693 3356  
heidar@valholl.is



**Hildur Harðardóttir**  
Löggiltur, löggiltur  
fasteignasali, skjalagerð  
897 1339  
hildur@valholl.is



**Snorri Snorrason**  
Löggiltur fasteignasali  
895 2115  
snorri@valholl.is



**Hólmfríður Björgvinsdóttir**  
Ritari  
588 4477  
ritari@valholl.is



**Pétur Steinar Jóhannsson**  
Aðstoðarm., fasteignasala  
Snæfellsnesi  
892 4718  
petur@valholl.is



**Anna F. Gunnarsdóttir**  
Löggiltur fasteignasali  
Lista og innanhús Stíllisti  
892 8778  
anna@valholl.is



**Sturla Pétursson**  
Löggiltur fasteignasali  
899 9083  
sturla@valholl.is



**Jónas H. Jónasson**  
Lögg., eignaskiptayfirlysandir  
Aðstoðarmaður fasteignasala  
842 1520  
jonas@valholl.is



**Elín Viðarsdóttir**  
Löggiltur fasteignasali  
695 8905  
elin@valholl.is



**Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð**

**Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!**



TOYO TIRES

PIRELLI  
POWER IS NOTHING WITHOUT CONTROL

Laufenn  
Journey in Style

MAXXIS  
DEKK

Mastercraft  
TIRES

NANKANG  
FREE YOUR WAY

INTERSTATE  
TIRES

DOUBLE COIN

# Nesdekk - í næsta nágrenni!

Rétu dekkin draga fram  
bestu eiginleika bílsins og  
veita hámarks öryggi við  
misjöfn akstursskilyrði.

Fáðu ráðleggingar fagmanna  
við val á réttum dekkjum.



Birt með fyrirvara um mynd- og textabreytingu.



## Bókaðu tíma og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Sjáðu úrvalið á  
**nesdekk.is**

**Nesdekk**  
Fiskislóð 30 / 101 Reykjavík / 561 4110 / Tímabókun

**NESDEKK**  
561 4200 | nesdekk.is



Reykjavíkurborg

# Húsfyllir á kynningarfund



Þétt setinn bekkur í Tjarnarsalnum.

Tjarnarsalurinn í Ráðhúsi Reykjavíkur var þéttsetinn á árviss-um kynningarfund borgarstjóra um uppbyggingu íbúða og mikill fjöldi fylgdist einnig með á streymi fundarins. Í kynningu Dags B. Eggertssonar borgarstjóra kom fram að heildarfjöldi nýrra íbúða í ár gæti orðið um 1.200 og væri það þá fjórða árið í röð sem fjölgun íbúða væri yfir þúsund. Aldrei hafa fleiri nýjar íbúðir komið inn á húsnæðis-markað í Reykjavík eins og undanfarin ár.

Borgarstjóri sagði að blikur væru þó á lofti í framboði nýrra íbúða. Ekki væri vegna skorts á skipulagi og framboði lóða í Reykjavík, heldur vegna takmarkana fjármálastofnana. „Það virðist vera eitthvað hökt á fjármög- nun nýrra verkefna,“ sagði borgarstjóri. „Við verðum að hafa augun á fjármálastofnunum vegna þess að þær ráða að mestu leyti hraðanum í uppbyggingunni.“

Unnið er að samningi ríkis og Reykjavíkurborgar um húsnæðis- uppbyggingu og markmið gerðu ráð fyrir uppbyggingu um 16.000 íbúða í Reykjavík á næstu 10 árum. Dagur bjóst við að gengið yrði frá samningi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun öðru hvoru megin við áramót.

# Sögufrægt og friðað húsið endurbyggt



Útlit hússins að breytingum loknum. Ekki er víst að þessi litur verði á húsinu. Það var síðast rautt en þar áður ljósgrænt. Tölvumynd/Onno ehf.

Verið er að ljúka við endur- byggingu hússins Við Hafnarstræti 18. Vinna við emburbygginguna hófst í nóvember 2018 og hefur því staðið yfir í fjögur ár. Húsið var illa farið og því ekki um annað að ræða en að rífa það og endurbyggja. Húsinu var lyft um 90 sentimetra og ný viðbygging var byggð sunnan við það. Hlaðinn kjallari var undir hluta haussins og talið er að hann sé upprunalegur frá átið 1795. Nýr kjallari var byggður undir allt húsið. Húsið var endurbyggt með upprunalegum aðferðum og gamlir viðir í grind þess nýttir eftir því sem hægt var voru.

Forsögu málsins má rekja til þess að samþykkt var í Borgarráði Reykja- víkur í september 2017 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 18 við Hafnarstræti. Heimilað var að auka við bygginguna sem felst í að lyfta núverandi húsi upp um 90 cm, byggja kjallara undir það og nýja viðbyggingu sunnan við húsið, kjallara og tvær hæðir. Húsið er nú 680 fermetrar en verður eftir breytinguna 1.020 fermetrar. Þá var einnig heimilað að rífa skúra á bak- lóðinni. Húsið sjálft er friðað, enda talið hafa mikið varðveislugildi vegna menningarsögu og mikilvægis í götu- mynd. Skúrarnir voru ekki friðaðir.

Suðurhús ehf. er eigandi hús- sins. Fyrirtækið hefur sjálft annast endurbætur og breytingar, en kostnaður við þær er áætlaður um 600 milljónir. Feðginin Páll V. Bjarnason og Ólöf Pálsdóttir, arkitektar hjá P ARK teiknistofu sf., hönnuðu breytingarnar.

**Chr. A. Jacobæus, P.C. Knudtzon, Martin Smith B. Muus og Co og Ditlev Thomsen**

Í húsakönnun Minjasafns Reykja- víkur frá 2006 er saga hússins Hafnarstræti 18 rakín. Þar kemur fram að kaupmaður lét flytja hús á lóðina frá Keflavík árið 1795. Húsið sem hann flutti var einlyft og lét hann innrétta sölubúð í öðrum endanum en íbúð í hinum enda- num. Jacobæus lét eftir það flytja annað hús á lóðina frá Keflavík og reisti það rétt vestan við hitt húsið og var ekki nema örlítið bil á milli þeirra. Hann lét síðan reisa nýtt hús þvert við vesturgafflinn á þessu húsi og fram með Kolasundi.

P.C. Knudtzon kaupir húsin árið 1838. Samkvæmt virðingargjörð frá 1844 var verslunarhúsið grindarhús með múrsteinum í grind, klætt list- súð og málað á norður- og austur- hliðum, en hinar hliðarnar tvær voru

tjargaðar. Borðþak var á húsinu. Auk verslunarhússins var pakkhús á lóðinni, Norðurpakkhúsið. Fyrir sun- nan var salt- og kolageymsla. Sun- nar á lóðinni var Suðurpakkhúsið og íbúðarhús frá 1818.

**Sameiginlegt þak á öll húsin**

Martin Smith kaupir árið 1852 búðina og Norðurpakkhúsið ásamt kola- og saltgeymsluhúsi sunnan við pakkhúsið. Íbúðarhúsið og Suður- pakkhúsið var selt Sigurði Melsted kennara 1854. Smith lét sameina sölubúðina og geymsluhúsið og setja síðan sameiginlegt þak á öll þrjú húsin með kvistum. Smith reif gamla kolageymsluhúsið sunnan við búð- ina árið 1867 og byggði nýtt í staðinn. Árið 1891 eignaðist B. Muus og Co. húsin og var þá verslunin kölluð Nýhöfn. Ditlev Thomsen eignaðist húsið um aldamótin og lét hann endurbæta það árið 1904 og var það þá járnklætt.

**Breytt í tímanna rás**

Húsinu hefur verið breytt í tíman- na rás. Gluggar á neðri hæð hafa verið stækkaðir og dyrum breytt. Árið 1924 var sett á það mansard þak og þakhæð hússins breytt og hún hækkuð. Árið 1950 var sett viðarklæðning á neðri hæð hússins og gluggum breytt. Húsinu var enn breytt árið 1984 en þá var settur inngangur og gluggar á austurgaffl hússins. Nokkrar ástæður eru taldar mæla með hækkun hússins nú. Það er áberandi lægst í umhverfinu og myndi sóma sér mun betur ef því væri lyft. Hafnarstræti 16 er nokkuð herra eða tvær hæðir og ris. Húsin við austasta hluta Hafnarstrætis hafa flest verið endurnýjuð á undanföllum árum og einnig gatan sjálf.

## BASARINN

Nytjamarkaður

Austurveri

Háaleitisbraut 68

Sími 562 6700

Opið virka daga 12-18



# coral<sup>®</sup>

## Dyra og hreinsimottur Stoppar 90% óhreininnda



# KJARAN

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

**Vandaðir krossar á leiði!**

3ja ára ábyrgð

**JS LJÓÐSASMIÐJAN**  
VÉLAVERKSTÆÐI  
SLÁTTUVELAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 • 200 Kóp. Sími 554 0661



# Viltu hafa áhrif á þitt hverfi?



## Vissir þú að í Vesturbænum er starfandi íbúaráð?

- Fundað mánaðarlega um málefni hverfisins
- Leið til að koma sjónarmiðum íbúa á framfæri
- Vettvangur fyrir samráð og upplýsingar
- Hægt að bera upp mál á fundum eða senda erindi

Nánar á [reykjavik.is/ibuarad](https://reykjavik.is/ibuarad)



**Reykjavík**



## VERSLAÐU MEÐ HJARTANU!



**Gjöf sem gleður**  
Mandölur, perlufestar, happahálsmen, armbönd og aðrir gimsteinar og gefandi skart.



**Skál í engiferkakóli!**  
Hljáðu þér og nærðu þig hjá okkur.

**Hrein & handunnin reykelsi**  
Sacred Elephant eru eðal reykelski sem allir elska.



**Allt það besta fyrir hugleiðslu og jóga**  
Dekraðu við þig og þína.



Afgreiðslutími:  
Mán: 10-16  
Þri-fös: 10-17  
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utforin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892  
Kömum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Vesturbæjarskóli

# Virkar forvarnir í eineltismálum

Í Vesturbæjarskóla eru fjölmargar leiðir notaðar til forvarna í eineltismálum. Í forvarnarhjólí skólans eru upplýsingar meðal annars um forvarnir, áætlun gegn einelti og hvernig skólinn vinnur með slík mál.

Vesturbæjarskóli er réttindaskóli Unicef þar sem markmið er að byggja upp lýðræðislegt námsumhverfi, auka þekkingu á mannréttindum og stuðla að gagnkvæmri virðingu innan skólasamfélagsins. Rannsóknir sem gerðar hafa verið í meira en 1.600 Réttindaskólum hafa sýnt fram á jákvæð áhrif á skólastarf. Dregið hefur úr einelti og ofbeldi í skólunum, nemendum líður betur og þeir sýna meira umburðarlyndi fyrir fjölbreytileika. Réttindafræðsla getur haft þau áhrif á börn að þau berjist frekar fyrir réttlæti og jafnrétti og verði líklegri til að þora að grípa til jákvæðra aðgerða til að vernda og styðja réttindi annarra þegar upp kemur grunur um einelti eða alvarlegan samskiptavanda.



Táknræn mynd gegn einelti úr Vesturbæjarskóla.

## Fjör í félagsmiðstöðinni Frosta

Það var mikið um að vera hjá okkur í félagsmiðstöðinni Frosta undanfarinn mánuð. Í haustfríinu bauð frístundamiðstöðin Tjörnin upp á fjölskyldudagskrá í Vesturbæjarlaug. Kaffi og kleinur voru á boðstólum, ljúf tónlist spiluð og keppt var í spurningakeppninni Synt og svarað. Vesturbæjarlaug bauð gestum frítt í laugina á meðan á dagskránni stóð og var viðburðurinn vel heppnaður.

Félagsmiðstöðvargurinn var einnig haldinn hátíðlegur í Félagsmiðstöðinni Frosta nýlega. Þá buðu börn og unglingar í Frosta fjölskyldur sínar hjartanlega velkomnar í félagsmiðstöðina til að sýna sínu fólki hvað þau gera í félagsmiðstöðinni. Gestum var boðið upp á stórkostlegar veitingar og var mikið stuð. Viðburðaríkur og skemmtilegur mánuður að baki og enn fleira skemmtilegt á dagskrá í Frosta í nóvember.



Fjör í Frosta og góðgæti á borðum.



Netverslun:  
systrasamlagid.is



# BÆKUR SEM LÝSA UPP SKAMMDEGIÐ!

VERÖLD



## REYKJAVÍK

RAGNAR JÓNASSON, KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

**„Einn besti krimmi sem ég  
hef lesið lengi.“**


- Gísli Marteinn Baldursson

## JÁTNING

ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON

**„Lýsir upp skammdegið ... heillandi  
saga ... hrífandi, tónninn léttur og  
leikandi og atburðarásin spennandi.“**

- Sædís Björnsdóttir, Morgunblaðinu



## GÆTTU PINNA HANDA

YRSA SIGURÐARDÓTTIR

**„Flókin flétta heldur lesendum  
spenntum og fær hárin til að rísa eins  
og Yrsu er lagið.“**


- Ritstjórn menningarvefjar ruv.is

## ÚTSÝNI

GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR

**„... heldur lesandanum grettistaki. ...  
syngur í eyrum lesanda.“**

- Ingibjörg Ióla Auðunardóttir,  
Morgunblaðinu





# AS WE GROW

Hugsum um börnin og umhverfið



**WWW.ASWEGROW.IS**  
KLAPPARSTÍGUR 29 REYKJAVÍK

# Fortíðarflipp

- eftir Þórdísi Richardsdóttur

Jú, þetta er ég. Já, ég er í heimsókn. Nei, ekki flutt heim. Hef ég ekkert breyst? Ekki þú heldur. Ég þekkti þig strax; göngulagið, hárgreiðslan. En suma er engin leið að þekkja aftur. Gaman að rekast svona á þig. Hlýtur að vera fjarstýring. Það er eins og allt hafi gerst í gær þegar við göngum hérna hlið við hlið. Verst að búðirnar eru ekki lengur á sínum stað, eins og mjólkurbúðin þar sem við vorum vanar að bíða eftir hvor annarri á morgnana svo við gætum orðið samferða í skólann. Hvernig sem viðraði. Ekkert skutl í þá daga. Heyrðu annars, ég verð að segja þér svolítið. Þú manst eftir honum Hermann sem var í sama bekk og við, er það ekki? Um daginn sat ég í mestu makindum á Kaffi Vest, fer þangað stundum með tölvuna, kík í blöðin og svona, notalegt að vera innan um fólk, hlusta á skvaldrið. Allt í einu kom ég auga á Hermann. Ég var næstum því búin að missa bollann út úr höndunum, það var eins og hann stigi beint út úr bekkjarmyndinni frá því í fyrsta bekk í Gaggó. Ljóst, næstum hvítt hárið, toppurinn niður í augu, gullspangargleraugu, smáköflóttur jakki. Ég lét ekkert á mér kræla, grúfði mig yfir tölvuskjáinn og vonaði að hann væri ekki búinn að sjá mig. Fannst hann alltaf hálf skrýtinn. Sérvitur og einhvern veginn eins og gamall kall strax í grunnskóla og viti menn, alveg nákvæmlega eins núna, eftir næstum hálfa öld. Sjálf hef ég breyst mikið. Til hins betra, eða það finnst mér að minnsta kosti. Forðast hvítar blússur síðan þessi árans bekkjarmynd var tekin. Steinhætt að láta karlkynið koma mér úr jafnvægi. Var í rusli daginn sem ljósmyndarinn kom blaðskellandi

með bónaðan skallann og risastórt flass. Þórdur kennari, strangur á svip, fór strax að stilla okkur upp, ekki sjens að hlaupa á klóid til að flikka upp á andlitið. Gulla, þú manst, ég hataði hana, var nýbúin að klína því framan í mig að Krissi væri kominn á fast með Hönnu! Hún hefði eins getað slegið mig utanundir. Komdu blessuð og sæl! Hermann var kominn að borðinu. Meira að segja röddin hafði ekkert breyst. En óvænt ánægja að hitta hér gamla skólasystur. Mig minnti að þú byggir í Ameríku eins og fleiri stjórnur. Ég verð að segja að þetta er stórmerkileg tilviljun ekki síst vegna þess að um helgina var ég að skoða albúm með myndum af okkur úr gaggó, þær voru úr skólaferðalögum, af hinum og þessum samkomum og svo bekkjarmyndirnar. Skóllótti ljósmyndarinn tók nú bestu myndina þarna í fyrsta bekk. Ertu ekki sammála? Þú varst í hvíttri blússu. Helst af öllu vildi ég ekki vera með, eini strákurinn með



Þórdís Richardsdóttir.

gleraugu. En pabbi hefði kálað mér svo ég var tilneyddur. Jæja, en þú hefur sama og ekkert breyst, ert alltaf jafn glæsileg. Sjálfur er maður orðinn gamall kall. Tíminn, vina mín, lætur víst ekki líma sig fastan eins og myndirnar frá í gamla daga. Því miður var konan akkúrat að senda skilaboð svo ég verð að þjóta, hefði svo gjarnan viljað drekka einn bolla þér til samlætis. Mátti til með að heilsa upp á þig. Sýndist þú hálf einmana. Og, já, satt best að segja var ég alltaf bálskotinn í þér! Svo var hann horfinn. Ég starði á eftir honum. Fingurnir krepptir um bollann. Munnurinn galopinn.



Notalegt að vera innan um fólk á Kaffi Vest.

# Aðeins eitt tilboð í Miðborgarleiksskóla

- rúmlega 70% hærra en kostnaðaráætlun

**Erfiðlega ætlar að ganga að hefja byggingu nýs leiksskóla við Njálsgötu. Eftir að byggingin var boðin út á Evrópska efnahags-svæðinu barst aðeins eitt tilboð. Frá Eykt ehf. Tilboð Eyktar hljóðaði upp á 2.593.218.663 krónur. Kostnaðaráætlun var hins vegar upp á krónur 1.510.838.746 krónur. Um milljarði eða rúmlega 70% munaði á kostnaðaráætlun og tilboði.**

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem bygging Miðborgarleiksskóla og miðstöð barna var boðin út. Í fyrra skiptið er opna átti tilboð sem var í ágúst sl. kom í ljós kom að ekkert tilboð hafði borist. Gert hefur verið ráð fyrir að nýi Miðborgarleiksskólinn yrði fullbúinn árið 2023 en nú sér ekki fyrir endann á því hvort eða hvenær hægt verður að hefja framkvæmdir. Gert er ráð fyrir að skólinn og geti rúmað



Nýja byggingin verður framúrstefnuleg á þremur hæðum. Tölvumynd/Basalt arkitektar

116 börn á aldrinum eins árs til sex ára. Einnig á að starfrækja fjölskyldumiðstöð í byggingunni. Bygging hins nýja leiksskóla er

hluti af „Brúum bilið“, verkefnum borgarinnar sem ætlað er að tryggja börnum frá 12 mánaða aldri aðgang að leiksskóla.

**Vesturbæjarblaðið**

[www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)



**Útfararþjónusta**  
*í yfir 70 ár*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Netverslun: [systrasamlagid.is](http://systrasamlagid.is)



# Nýtt þjálfarateymi hjá KR

KR hefur samið við Perry McLachlan um að taka við sem aðalþjálfari meistaraflokks kvenna í KR. Með honum í þjálfarateyminu verða, Vignir Snær Stefánsson aðstoðarþjálfari og Melkorka Rán Hafliðadóttir styrktarþjálfari. Þá er verið að vinna í að ganga frá ráðningu markmannsþjálfara og sjúkrþjálfara inn í teymið sem allra fyrst.

Perry hefur starfað við þjálfun á Íslandi frá því árið 2019, fyrst sem aðstoðarþjálfari hjá karlaliði Þórs á Akureyri ásamt því að sinna markmannsþjálfun hjá félaginu. Hann tók við þjálfun Hamrana og var jafnframt ráðinn sem aðstoðarþjálfari inn í þjálfarateymið hjá meistaraflokki Þórs/KA fyrir tímabilið 2021. Hann var síðan annar af aðalþjálfurum liðsins á nýafstöðnu tímabili.

Þá hefur Perry einnig töluverða reynslu af þjálfun á Englandi og í Bandaríkjunum. Var meðal annars hjá kvennaliði Chelsea sem og akademíu drengja og stúlkna í félaginu og um tíma við markmannsþjálfun hjá Crystal Palace og yfirþjálfari stúlkna- og drengjaliða í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum.

## Perry er að ljúka við UEFA-A gráðu í þjálfun

Vignir Snær Stefánsson hefur verið við þjálfun yngri flokka hjá Gróttu/KR síðustu misseri og var aðstoðarþjálfari hjá Gróttu í 2. deild kvenna í sumar. Vignir hefur sjálfur leikið 112 KSÍ leiki í meistaraflokki, þar af 8 leiki í efstu deild, lengst af með Víkingi Ólafsvík



Stúlkur úr meistaraflokki kvenna í knattspyrnu.

en einnig með Þór, Akureyri. Vignir er með BS próf í næringarfræði og MS í Íþrótt – og heilsufræði frá HÍ og er að vinna í að ljúka UEFA-A gráðu hjá KSÍ.

Melkorka Rán Hafliðadóttir, sem kemur einnig inn í þjálfarateymið mun sjá um styrktarþjálfun liðsins. Melkorka sem á að baki afreksíþróttuferil í frjálsum og er í meistaránámi í íþróttifræði hjá HR þekkir vel til í KR þar sem hún sinnti styrktarþjálfun meistaraflokks karla á nýliðnu tímabili og að hluta hjá kvennaliðinu.

# Björn leggur skóna á hilluna

Fyrir leik KR og Vals á dögunum var Björn Kristjánsson, betur þekktur sem Bjössu, heiðraður og afhenti formaður Körfuknattleiksdeildar, Ellert Arnarsson, honum blóm fyrir framlag sitt til KR en Bjössu þarf að leggja skóna á hilluna vegna veikinda.

Bjössu gekk til liðs KR árið 2009 og lék sinn fyrsta meistaraflokksleik sama ár. Bjössu hefur unnið fjóra Íslandsmeistaratitla og einn bikarmeistaratitil með KR og gefið okkur KR-ingum ófá tilefni til að gleðjast. Allir muna eftir 3ja stiga körfu gegn Haukum sem tryggði KR í úrslitin árið 2018 en Bjössu hefur aldrei verið hræddur við stóru stundirnar þar sem mikið var undir. Björn er frábær félagsmaður, góður liðsfélagi og sigurvegari að KR síð. Við óskum Bjössu góðs bata um leið og við þökkum honum fyrir framlag hans til KR. Takk Bjössu og áfram KR!



# Viktor Orri skrifar undir samning

Viktor Orri Guðmundsson hefur skrifað undir 2ja ára samning við KR. Viktor Orri er miðjumaður sem hóf ferilinn hjá Gróttu en hefur verið í KR síðustu ár.

Viktor hefur spilað tvo leiki með U-15 í sumar og var fyrirliði í öðrum þeirra. KR bindur miklar vonir við að Viktor eigi eftir að spila fyrir meistaraflokk félagsins í framtíðinni. Þess má geta að Viktor Orri er við æfingar hjá AGF í Danmörku um þessar mundir.



# Stóðu sig vel



Síðustu helgar hafa KR-ingar fjölmennt í Kórinn á Krónumót HK þar sem 8., 7. og 6. flokkur drengja og stúlkna hafa látið til sín taka á fótboltavellinum. KR-ingum gekk vel og almenn gleði ríkti innan sem utan vallar. Framtíðin er svo sannarlega björt í KR

# Hleðslutæki Jólatilboð!

20% Afsláttur

Öll hleðslutæki með afslætti fram að jólum

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • Vefverslun: [www.skorri.is](http://www.skorri.is)

# Viktor Orri skrifar undir samning

Viktor Orri Guðmundsson hefur skrifað undir 2ja ára samning við KR. Viktor Orri er miðjumaður sem hóf ferilinn hjá Gróttu en hefur verið í KR síðustu ár.

Viktor hefur spilað tvo leiki með U-15 í sumar og var fyrirliði í öðrum þeirra. KR bindur miklar vonir við að Viktor eigi eftir að spila fyrir meistaraflokk félagsins í framtíðinni. Þess má geta að Viktor Orri er við æfingar hjá AGF í Danmörku um þessar mundir.



**GETRAUNANÚMER KR**

**107**

**1X2**  
GETRAUNIR.IS

**FYRIRTAK**  
málningarþjónusta

TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA

[www.fyrirtak.is](http://www.fyrirtak.is) - [fyrirtak@fyrirtak.is](mailto:fyrirtak@fyrirtak.is) - sími: 7707997

**LÍTIL VERK - STÓR VERK**  
OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

**HAMBORGARA**  
**Búllan**

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

**Gómsæti í göngufæri**





# 60 ár í Vesturbæ

Heitt á könnunni og kræsingar með því í tilefni  
afmælis Vesturbæjarútibúsins, 1. desember.

**LANDSBANKI ÍSLANDS**

OPNAR Í DAG NÝTT ÚTIBÚ Í HÚSI HÁSKÓLABÍÓS VIÐ HAGATORG

## VESTURBÆJARÚTIBÚ

Útibúið mun annast sparisjóðs- og hlaupareikningsviðskipti. Það mun og hafa með höndum afgreiðslu og hvers konar fyrirgreiðslu vegna annarra útibúa bankans og aðalbankans.

Sparisjóðsbækur verða í litlu  
broti, vélritaðar.

Sparibaukar ávallt fyrirbyggjandi.  
Leðurveski, hentug fyrir tékkhefti.

Afgreiðslutími verður kl. 10–15 og kl. 17–18,30, nema á laugardögum kl. 10–12,30. Sími 11624.

**LANDSBANKI ÍSLANDS**

Auglýsing hér að ofan birtist  
í Vísi, 1. desember 1962.